

Alþingi  
Erindi nr. P 138/702  
komudagur 11.12.2009

11.12. 2009

## Umsögn Breytanda um þingsályktunartillögu um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum (138. löggjafarþing 2009–2010 Þskj. 9 – 9. mál.)

Við í Breytöndum, ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar, ítrekum enn fyrrgreinda afstöðu okkar til þessarar þingsályktunartillögu. Okkur þykir það furðulegt að vegna allrar hreinu orkunnar sem við erum svo heppin að eiga hér á Íslandi sé nauðsynlegt að fá enn frekari undanþágu frá sáttmálum alþjóðasamfélagsins um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Hrein orka finnst okkur að ætti frekar að gera Íslendingum kleift að vera fremstir á vettvangi umhverfismála, enda eru hér miklir möguleikar á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og nefnd á vegum umhverfisráðneytisins sýndi nýlega fram á<sup>1</sup>.

Sannað þykir að hlýnun jarðar er að miklu leyti afleiðing útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Vestræn ríki hafa að stórum hluta staðið fyrir þeim útblæstri. Afleiðingarnar bitna hinsvegar lang verst á fólki í þeim löndum sem eru fátækust. Eyðimerkur stækka, sjávarmál hækkar, höf súrna, aðgengi að hreinu vatni minnkar. Allt veldur þetta því að fólk getur ekki lengur haft lífsviðurværi þar sem það býr og neyðist til að yfirgefa heimabyggð sína. Háskóli Sameinuðu þjóðanna metur það svo að það sem við kjósum að kalla "flóttamenn undan hlýnun jarðar" verði um 50 milljónir árið 2010.<sup>2</sup> Því er minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda beinlínins mannréttindamál, eins og við bentum á, þegar tekið var á móti okkur með undirskriftir þess efnis í umhverfisráðuneytinu fyrr í haust.<sup>3</sup> Þætti okkur lágmark að þessari tillögu fylgdi málsgrein þar sem greint væri frá því hvernig Íslendingar ætla að taka á þessum vanda sem þeir ætla skv. tillögunni að taka enn meiri þátt í að skapa.

Augljóst er að tillagan gengur gegn yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí, þar sem það markmið er sett fram að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% árið 2020, miðað við árið 1990. Sú tímamóta ákvörðun samræmist stefnu okkar mun betur, og styðjum við hana fullum fetum. Við bendum á drög að aðgerðaáætlun þess efnis sem umhverfisráðuneytið kynnti á dögunum.<sup>4</sup>

1 Umhverfisráðuneytið

<http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/1442>

2 United Nations University - Institute for Environment and Human Security.

<http://www.ehs.unu.edu/index.php/article:130?menu=44>

3 Umhverfisráðuneytið

[http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/Ymislegt\\_forsida/nr/1517](http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/Ymislegt_forsida/nr/1517)

4 Umhverfisráðuneytið

<http://www.umhverfisraduneyti.is/forsida/nr/1530>

F. h. Breytanda, ungliðahreyfingar Hjálparstarfs kirkjunnar,  
Þorsteinn Valdimarsson, ritari.